

Umsögn vegna samgönguáætlunar

Landshluti og vegur: Austurland, vegur 923.

Vegur 923 upp Jökuldal frá Þjóðvegi 1 við Skjöldólfsstaði og upp að Grund þar sem Stuðlagil er staðsett er orðinn mjög þungur í umferð og oft á tíðum ófær vegna lélegs ástands. Ekkert er tilgreint í Samgönguáætlun um að ljúka skuli við byggja upp þann veg og leggja bundið slitlag á hann þó að umferð um þann veg sé margfalt meiri en finna má á öðrum stöðum á landinu þar sem búið er að endurbyggja vegi.

Stuðlagil við Grund er vinsælasti ferðamannastaður Austurlands. Landeigendur að Grund eru með umferðarteljara á veginum að bílastæðinu við Stuðlagil og síðan er Ferðamálastofa með gönguteljara.

Niðurstöður úr þessum teljurum eru eftirfarandi:

2022 keyrðu um 62.000 bílar veginn að Grund og fyrir tímabilið maí – sept voru það 50.000 bílar sem óku þennan veg.

2023 til lok júlí keyrðu 42.000 bílar veginn að Grund og frá maí- júlí keyrðu 37.000 bílar þennan veg.


Samkvæmt gögnum Vegagerðarinnar fyrir sama veg er ÁDU 205, SDU 380 og VDU 69.

Til að taka einhvern samanburð á vegum á Íslandi þá er hér nefndur Hvítársíðuvegur norðan Húsafells nýr og glæsilegur vegur með bundnu slitlagi en umferðartölur þar skv. Vegagerðinni er 40% minni yfir sumarið en á vegi 923 að Grund. Einnig til samanburðar er Hvítársíðuvegur sunnan Hraunfossa sem er malbikaður að hluta 74% minni yfir sumarið en á vegi 923 að Grund. Í viðauka má sjá samanburð á vegum á Hvítársíðu og nr 923. Það skal tekið fram að fyrirmyndar uppbygging hefur verið á vegum í uppsveitum Borgarfjarðar og sennilega út af vinsælum ferðamannastöðum, jafnvel með minni aðsókn en Stuðlagil.

Vegurinn frá Arnórsstöðum (nýjasti uppgerði kaflinn) að Grund er áratuga gamall malarvegur sem var í grunninn byggður upp á mold og í áranna rás hefur mól dreifst út í kanta. Mjög víða er erfitt fyrir venjulega bíla og smærri bíla að mætast á veginum, hvað þá fyrir rútur því kanturinn er eins og kökudeig og gefur undan þegar keyrt er út í kant. Burðarlag í veginum er ekki til staðar fyrir þessa umferð og fína lagið ofan á löngu horfið þannig að vegurinn er mjög holóttur og eins og þvottabretti.

Fjöldi óhappa hefur orðið á þessum gamla malarvegi, síðast fyrir fáum dögum þegar vegkantur gaf sig og rúta fór útaf.

Skv. teljara Ferðamálastofu komu gestir í Stuðlagil, sjá súlurit fyrir neðan.



Það er ekki spurning hvort það verði alvarleg slys á þessum vegi heldur hvenær og hve mörg og hve alvarleg. Rútafyrirtækin koma daglega með ferðamenn og skv. upplýsingum frá bílstjórum er þessi

vegur verulega hættulegur. Í viðauka má sjá sýnishorn af rútukomum á Grund fyrir nokkra daga í júlí 2023.

Skorðað er á stjórnvöld og stjórn Vegamála á Íslandi að ljúka við að byggja upp og leggja bundið slitlag á veg 923 að Grund þar sem fjölmennasti ferðamannastaður Austurlands er staðsettur.

Virðingarfyllt, fyrir hönd landeigenda að Grund

30.07.2023



Stefanía K. Karlsdóttir

Grund Jökuldal

Samanburður á vegum:

Jökuldalsvegur 923

Umferð 2022	*
Jökuldalsvegur 923-02	
Upphafsstöð: 0	
Endastöð: 3320	
Dagleg meðaltalsumferð:	
ÁDU: 205 (yfir árið)	
SDU: 380 (yfir sumarið)	
VDU: 69 (yfir veturinn)	



Hvítársíðuvegur

Umferð 2022	*
Hvítársíðuvegur 523-03	
Upphafsstöð: 13380	
Endastöð: 17180	
Dagleg meðaltalsumferð:	
ÁDU: 120 (yfir árið)	
SDU: 220 (yfir sumarið)	
VDU: 50 (yfir veturinn)	



Umferð 2022	*
Hvítársíðuvegur 523-02	
Upphafsstöð: 0	
Endastöð: 7930	
Dagleg meðaltalsumferð:	
ÁDU: 64 (yfir árið)	
SDU: 99 (yfir sumarið)	
VDU: 34 (yfir veturinn)	



Sýnishorn af rútutraffík í **nokkra daga í júlí 2023** á Grund

